21. fundur Reykjavík 6. apríl 2022

2009500SA
Málalykill: 16.32

**Fundargerð samstarfsnefndar**
**Sambands íslenskra sveitarfélaga**
**og Iðjuþjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Iðjuþjálfafélags Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga , miðvikudaginn 6. apríl 2022. Fundað var með tölvupóstsamskiptum.

**Mætt voru:**

Fyrir hönd félagsins: Þóra Leósdóttir

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Þessi mál voru tekin fyrir:**

1. **Hagvaxtarauki**

   Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

   **Niðurstaða:**

   Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert.